



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið, eignaskrifstofa

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um húsnæði fyrir Heilsugæslu Grafarvogs.**

Á fundi borgarráðs þann 2. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

„Nú hefur Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins flutt Heilsugæslu Grafarvogs í Árbæinn vegna framkvæmda í fyrra húsnæði. Íbúar Grafarvogs hafa vakið athygli á því að þetta torveldar sérstaklega eldra fólki sem sækir heilsugæsluna og þeim sem hafa ekki aðgengi að bíl vegna lakra almenningssamgönguleiða milli þessa tveggja hverfa. Spurt er hvort borgin hafi húsnæði til umráða í Grafarvogi sem hægt væri að nýta undir heilsugæsluna og hvernig borgin gæti haft milligöngu um að lána heilsugæslunni það húsnæði á meðan á þessum framkvæmdum stendur svo Grafarvogsbúar geti áfram sótt grunnheilbrigðisþjónustu í sitt hverfi. Vakin er athygli á því að nánast jafn margir búa í Grafarvogi og búa á Akureyri. Því munar um hverja bílferð á milli hverfanna tveggja.“

Svar:

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafði samband við eignaskrifstofu í byrjun árs 2022 og óskaði eftir aðstoð við að finna húsnæði undir heilsugæslu þar sem húsnæðið sem þeir voru með á leigu við Spöng var orðið lélegt vegna rakavandamála. Ríkiseignum og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafði ekki tekist að finna hentugt húsnæði í Grafarvogi.

Grafarvogur byggðist upp án þess að um væri að ræða mikið skrifstofuhúsnæði enda hefur eignaskrifstofa átt erfitt með að finna húsnæði fyrir þjónustumiðstöð í Grafarvogi.

Borgarráð samþykkti í mars 2022 að leigja Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins húsnæði að Álfabakka 12 sem Reykjavíkurborg var eigandi af og eins fengu þeir á leigu húsnæði að Hraunbæ 115 sem Reykjavíkurborg var með á leigu. Reykjavíkurborg flutti starfsemi sem var í Hraunbæ á Gylfaflöt til að koma á mótis við óskir en það var þegar heilsugæslustöð í húsinu. Var starfsemi úr Spöng flutt í þessi húsnæði.

Mikill og góð samvinna er milli Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Reykjavíkurborgar þegar kemur að húsnæðismálum enda eiga þau húsnæði sameiginlega.

Ártúnshöfði er að fara í endurbyggingu og verður þá líklega byggt hentugt atvinnuhúsnæði bæði fyrir heilsugæslustöð og þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar sem hægt verði að taka á leigu.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýring  
Eignaskrifstofa